

Forvarnarskoðun

3, 6 og 12 ára barna

- ókeypis tannlæknisþjónusta -

Öllum þriggja, sex og tólf ára börnum stendur til boða ókeypis eftirlit hjá tannlæknum sem vinna í umboði Sjúkratrygginga Íslands, samkvæmt samningi frá 1. janúar 2009 – 31. desember 2010. Í eftirliti felst meðal annars viðtal og fræðsla um mataræði, munnhirðu og annað er snertir tannvernd. Einnig er um að ræða skoðun, skráningu, hreinsun tanna og flúormeðferð fyrir alla hópana, auk röntgenmyndar fyrir 12 ára hópinn.

Nauðsynlegt er að skoðun fari fram:

- **áður en** þriggja ára barn nær fjögurra ára aldri.
- **áður en** sex ára barn nær sjö ára aldri.
- **áður en** tólf ára barn nær þrettán ára aldri.

Upplýsingar um tannlækna sem vinna í umboði Sjúkratrygginga má finna á www.tr.is undir Tannlækningar.

Tannviðgerðir falla ekki undir þennan samning. Ef gera þarf við tennur barnsins greiða Sjúkratryggingar Íslands 75% af viðmiðunar-gjaldskrá Heilbrigðisráðuneytisins.

